

## REGLUGERÐ

### um sektargerðir lögreglumanna.

#### 1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, er gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr því hámarki, sem ákveðið er í 3. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktá, er varða umferð.

#### 2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt reglugerð þessari nær til. Í skránni skal tilgreind sektarupphæð fyrir hverja tegund brots. Skal sökunautur eiga þess kost að kynna sér skrána, er hann greiðir sekt. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 4. gr.

#### 3. gr.

Nú verður lögreglumaður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkvæmt 1. gr. og má lögreglumaður þá gefa honum kost á að greiða sekt fyrir brot sitt í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Framlengja má frestinn og ítreka sektarboð. Fallist sökunautur á þessi málalok og greiði sektina innan tiltekins tíma verður eigi frekar aðhafst í máli hans.

Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður þá dómari, ríkissaksóknari eða lögreglustjóri, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

#### 4. gr.

Þegar lögreglumaður hefur ákveðið að nota heimild sína samkv. 1. gr., skal hann afhenda sökunaut eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brotið. Á tilkynningareyðublaðinu skal tekið fram í stuttu máli fyrir hvaða brot kært er, þar sem m. a. skal koma fram, hvar og hvenær brot var framið og greint frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu sektar í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Ennfremur skal þar greina, hvert sekt renni. Tilkynning um ítrekun sektarboðs skal send sökunaut í pósti eða með öðrum jafntryggum hætti.

#### 5. gr.

Samþykki sökunautur sektarákvörðun lögreglumanns, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningareyðublað það, sem um ræðir í 4. gr., og skilar því til lögreglustjóra ásamt sektargreiðslunni. Nú greiðist sekt ekki innan tilskilins frests og skal þá senda kæru til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt.

#### 6. gr.

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

#### 7. gr.

Dómsmálaráðuneyti lætur lögreglustjórum í té tilkynningareyðublað, sbr. 4. gr. Skulu þau vera tölusett í framhaldandi töluröð.

Kostnaður við eyðublað og annað, sem sérstaklega leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist úr ríkissjóði.

## 8. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir eyðublöð, sem afhent eru lögreglumönnum.

Á afrit sektargerðar skal færa innborgunardag sektar. Ef sektargerð er felld úr gildi, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða kæra er send dómara, sbr. 5. gr., skal rita athugasemd um það á afritið.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 48 5. febrúar 1982 um sektargerðir lögreglumanna.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir afnot flugvalla.

#### 1. Gildissvið.

- 1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.
- 1.2 Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í Flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.
- 1.3 Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot þeirra flugvalla þar sem áætlunarflug er stundað. Skrá yfir þá flugvelli er birt í Flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

#### 2. Lendingargjald.

- 2.1 Fyrir hverja skráða landingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sbr. 1.2, skal greiða gjald samsvarandi 4,80 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.
- 2.2 Fyrir hverja skráða landingu loftfars í innanlandsflugi á flugvöllum, sbr. gr. 1.3, skal greiða kr. 8,00 fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.
- 2.3 Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýsts þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til útkalls samkv. kjarasamningi flugvallastarfsmanna í 10. lfl., þó ekki ef um er að ræða tímabil dagvinnu, kl. 08.00—17.00 virka daga.

#### 3. Stæðisgjald.

- 3.1 Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 24 klst.
- 3.2 Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi 1,20 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.